

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Jónsson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn



Reykjavík 2. maí 2016
UST201604-180/B.S.
10.05.00

Efni: Framkvæmdir - tún í Þorlákshöfn. Umsögn

Vísað er til bréfs Sveitarfélagsins Ölfuss dags. 27. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaðar framkvæmdir á hluta hverfisverndaðs svæðis sunnan byggðar í Þorlákshöfn.

Fram kemur í erindinu að umrætt svæði hafi á árum áður verið notað sem flugvöllur, en á síðastliðnum árum hefur svæðið verið nýtt til hrossabeitar.

Nú er ráðgert að slétta svæðið, tæta, sá grasi og nýta svæðið sem tjaldstæði á landsmóti 2018.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir. Hér er um að ræða svæði sem nýtt hefur verið á ýmsan hátt. Umhverfisstofnun telur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki breyta ásýnd svæðisins eða verndargildi þótt það verði nýtt tímabundið sem tjaldstæði.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur